

Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Ég sá mömmu kyssa
jólasvein við jólatréð í stofunni í gær.
Ég læddist létt á tá,
til að líta gjafir á.
Hún hélt ég væri steinsofandi
Stínu dúkku hjá, og ég sá mömmu kitla
jólasvein og jólasveinninn út um skeggið hlær.
Ja, sá hefði hlegið með,
hann faðir minn hefði hann séð
mömmu kyssa jólasvein í gær.

